

51. fundur sveitarstjórnar Fljótshrepps, Végarði 3.11. 2020, kl. 13:30

Mætt til fundar: Anna Jóna Árnarsdóttir, Eiríkur J. Kjerúlf, Jóhann F. Þórhallsson, Gunnþórunn Ingólfssdóttir, Lárus Heiðarsson og Helgi Gíslason sveitarstjóri.

Dagskrá:

1. Fundargerðir:
 - a. Ferðamálanefnd 22.10.2020
 - b. Fundargerð almannavarnanefndar 26.10.2020
 - c. Fundargerð Ársala 26.10.2020
 - d. Fundargerð Ársala 29.10.2020
 - e. Svæðisráð Austurssvæðis Vatnajökusþjóðgarðar 9.10.2020
 - f. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélag 16.10.2020
 - g. Fundargerð húsnefndar 29.10.2020
 - h. Fundargerð samfélagsnefndar Fljótshrepps 29.10.2020
2. Skólaskrifstofa Austurlands
 - a. Ársreikningar 2019
 - b. Fjárhagsáætlun 2021
 - c. Fundargerð framkvæmdastjórnar 28.10.2020
3. Fjárhagsáætlanir:
 - a. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps fyrri umræða
 - b. Fjárhagsáætlun til þriggja ára fyrri umræða.
4. Fjárbeiðnir:
 - a. Hörður Guðmundsson, atvinnuuppbygging.
 - b. UÍA
5. Umhverfisstyrkir
6. Skýrsla sveitarstjóra
7. Önnur mál

1. Fundargerðir:

- a. Ferðamálanefnd 22.10.2020

Kynnt. Farið var yfir fundargerðina en í henni kemur fram ósk nefndarinnar um að hún telji æskilegt að nefndinni sé úthlutaður fastur fjárhagsrammi af sveitarstjórn til verkefna við gerð fjárhagsáætlunar. Í fundargerðinni kemur einnig fram að ýmis verkefni á vegum nefndarinnar eru ófjármögnuð. Samþykkt að vísa erindinu í umræður um fjárhagsáætlun fyrir 2021.

- b. Fundargerð almannavarnanefndar 26.10.2020
Kynnt.
- c. Fundargerð Ársala 26.10.2020
Kynnt.
- d. Fundargerð Ársala 29.10.2020
Kynnt.
- e. Svæðisráð Austurssvæðis Vatnajökulsþjóðgarðar 9.10.2020
Kynnt. Fram kemur í fundargerð að „svæðisráðið lýsir yfir þungum áhyggjum vegna fyrirhugaðs niðurskurðar á Austurssvæði. Niðurskurður upp á 40% mun takmarka þá þjónustu sem garðurinn veitir og gera það að verkum að hann getur ekki sinnt lögbundnu hlutverki sínu“.
- f. Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga 16.10.2020
Kynnt. Varðar landsþing sambandsins sem til stendur að halda 18. desember 2020.
- g. Fundargerð húsnefndar 29.10.2020
Kynnt. Fram kemur í fundargerð að „húsnefnd er sammála um að umsjón með leigu á húsinu sé á skrifstofu á hendi sveitarstjóra, hann upplýsi og kalli til húsvörð eftir þörfum“. Húsnefnd beinir til sveitarstjórnar að áætla fjármuni til minni háttar viðhalds og endurnýjunar tækja og húsbúnaðar við gerð fjárhagsáætlunar.
- h. Fundargerð samfélagsnefndar Fljótsdalshrepps 29.10.2020
Kynnt. Samþykkt að sameiginlegur fundur sveitastjórnar og samfélagsnefndar verði haldin 17. nóvember klukkan 9:00-10:30.

2. Skólaskrifstofa Austurlands

- a. Ársreikningar 2019
Kynnt.
- b. Fjárhagsáætlun 2021
Kynnt.
- c. Fundargerð framkvæmdastjórnar 28.10.2020
Kynnt. Aðalfundur skólaskrifstofu Austurlands verður haldin 18. nóvember klukkan 10:00 á Reyðarfirði.

3. Fjárhagsáætlanir

- a. Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrri umræða
Farið yfir drög að fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun 2021. Samþykkt samhljóða að vísa fjárhagsáætluninni til annarra umræðu. Sveitarstjórn ræddi að hald á næstunni kynningarfund fyrir íbúa á fjárhagsáætlun og fjárhagstengdum málum sveitarfélagsins.

- b. Fjárhagsáætlun til þriggja ára fyrri umræða
Frestað.

4. Fjárbeiðnir

- a. Hörður Guðmundsson, atvinnuuppbygging.
Sveitarstjóra og oddvita falið að skoða málið með lögfræðingi sveitarfélagsins og gera málið klárt til afgreiðslu fyrir næsta sveitarstjórnarfund.
- b. UÍA
Samþykkt að sveitarfélagið styrkti UÍA um 200 kr. á hvern íbúa.

5. Umhverfisstyrkir

- a. Langhús
Samþykktur hámarksstyrkur.
- b. Valþjófsstaður 1
Samþykktur hámarksstyrkur.
- c. Hóll
Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann vék af fundi vegna vanhæfis

- d. Brekkugerði
Samþykktur hámarksstyrkur.

Jóhann kom aftur til fundar

Anna Jóna vék af fundi vegna vanhæfis

- e. Bessastaðagerði
Samþykktur hámarksstyrkur.

Anna Jóna kom aftur til fundar

Gunnþórunn vék af fundi vegna vanhæfis

- f. Víðivellir Fremri
Samþykktur hámarksstyrkur.

Gunnþórunn kom aftur til fundar

- g. Egilsstaðir
Samþykktur hámarksstyrkur.

6. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri lagði fram minnisblað þar sem fram koma þeir liðir sem kynntir voru þingmönnum kjördæmisins í kjördæmaviku.

Vegamáli

Bæta þarf vegi inn í Suðurdal og Norðurdal. Bæði til að styrkja búsetu og til þjónustu við ferðamenn. Umferð hefur aukist verulega inn í Norðurdal vegna Óbyggðasetursins og inn í Suðurdal vegna vaxandi áhuga göngufólks á Strútsfossi.

Sveitarstjórn telur nauðsynlegt að endurskilgreina þá vegi sem nú flokkast að hluta til sem styrkvegir sem héraðsvegi í byggð og veita fjármuni til þeirra í samræmi við það. Jafnframt eru vegir á Fljótsdalsheiði sem nýttir eru til almennrar umferðar en falla einungis undir styrkvegi þar sem þeir eru ekki á vegaskrá.

Sveitarstjórn óskar eftir við Vegagerðina að vegur frá Langhúsum inn í Þorgerðarstaði verði settur á vegaskrá. Og jafnframt að Vegagerðin fari í verulegar vegabætur í Norður- og Suðurdal.

Aðstöðuhús við Hengifoss

Sveitarstjórn hefur lagt í verulega vinnu við hönnun á aðstöðuhúsi við Hengifoss og hefur að hluta fengið til þess styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða. Sjóðurinn hefur samt ítrekað hafnað aðkomu að byggingu hússins við þessa fjölsóttustu náttúruperlu fjórðungsins þrátt fyrir að sveitarfélagið sé reiðubúið að greiða hærra hlutfall byggingarkostnaðar en vaninn er við uppbyggingu á ferðamannastöðum. Á því þarf að finna lausn áður en straumur erlendra ferðamanna eykst aftur.

Búið er að senda inn nýja umsókn vegna byggingu þjónustuhúss.

Gunnarsstofnun

Gunnarsstofnun að Skriðuklaustri er sveitarfélaginu afar mikilvæg enda er Skriðuklaustur einn fjölmennasti vinnustaðurinn í sveitinni. Það er brýnt að stjórnvöld tryggi stofnuninni áfram nægt fjármagn til rekstrar og þeirra margþættu verkefna sem hún vinnur að við varðveislu og miðlun menningararfs.

Frumvarp til laga um lágmarksíbúafjölda

Frumvarp um lágmarksíbúafjölda sveitarfélaga hefur verið lagt fram á Alþingi og er það hugsað til þess að efla sveitarstjórnarstigið. Það er hinsvegar umhugsunarvert hvernig þau lög, ef frumvarpið verður samþykkt, munu efla samfélagið í fámennum byggðalögum eins og Fljótsdal þar sem markmiðið laganna er að leggja sveitarfélagið niður. Fljótsdalshreppur hefur verið til í allt að 700 ár og eru allir íbúar mótfallnir sameiningu við önnur sveitarfélög þó að þeir telji nú sem áður að samstarf milli sveitarfélaga sé af hinu góða.

Skógrækt

Nytjaskógrækt á bújörðum hófst fyrir 50 árum með Fljótsdalsáætlun og bændaskógrækt var síðan hrundið í framkvæmd af miklu myndarskap af stjórnvöldum árið 1990 með Héraðsskógaverkefninu. Gerðir voru samningar við bændur til fjörutíu ára. Bændur hafa staðið við samninga og það hefur verið gróðursett í um 15.000 ha. á Héraði. Meðfylgjandi er minnisblað unnið af Austurbrú í apríl 2019 þar sem áherslur Félags skógarbænda á Austurlandi koma fram og styður sveitarstjórn Fljótsdalshrepps þær.

Sveitarstjórn hvetur fjárlaganefnd og Umhverfisráðherra að tryggja auknar fjárveitingar til nytjaskógræktar.

Vatnajökulsþjóðgarður - Snæfellsstofa

Það var stigið stórt skref þegar þáverandi stjórnvöld ákváðu að setja á stofn Vatnajökulsþjóðgarð og að byggja starfsemi þjóðgarðsins hér eystra upp á hrunárunum sem var ekki sjálfgefið. Enn hefur samt ekki tekist að fá fjármuni til að hafa þjóðgarðsmiðstöðina Snæfellsstofu opna allt árið þó að liðin séu 10 ár frá byggingu hennar. Og nú er samdráttur í sértekjum hjá þjóðgarðinum vegna COVID-19 og af þeim sökum er komin fram tillaga um að svæðin dragi reksturinn saman um 40%. Það yrði gríðarlegt áfall fyrir starfsemina á Austursvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og hefði áhrif á atvinnutækifæri í Fljótsdal.

Sveitarstjórn hvetur Umhverfisaráðherra að tryggja aukið fjármagn til Vatnajökulsþjóðgarðs svo hægt að halda Snæfellsstofu opinni allt árið.

Hálendisþjóðgarðurinn

Sveitarstjórn vill minna á umsögn Fljótsdalshrepps við frumvarp um hálendisþjóðgarð, dagsett 20. jan. 2020. Hver er staðan á því frumvarpi og hvert verður framhaldið? Stór hluti af hálendi Fljótsdalshrepps yrði innan nýrra þjóðgarðsmarka og því skiptir þetta frumvarp sveitarfélagið og íbúa þess miklu máli.

Sveitarstjórn vill minna á umsögn sveitarfélagsins við frumvarp um hálendisþjóðgarð, dagsett 20. jan. 2020.

Landbúnaður

Landbúnaður og þá sérstaklega sauðfjárrækt hefur átt í vök að verjast seinustu árin eftir mikið verðhrun á afurðum. Sveitarstjórn tekur undir orð Sveins Margeirssonar í grein hans í Bændablaðinu 22. okt. sl.:

„Nú er það í höndum ráðherra landbúnaðarmála að sýna fram á að þessi dómur hafi raunverulega þýðingu fyrir bændur. Að mínu viti hefur ráðherra verið að gera ýmislegt vel í málum sem tengjast heimaslátrun og næsta skref hjá honum er að sýna áfram kjark og koma með reglur sem heimila bændum að slátra heima og selja sínar afurðir beint. Það á ekki að vera mál embættismanna sem eru ekki að vinna vinnuna sína almennilega að ákveða hvernig bændur geta aukið sín verðmæti og neytenda að velja hvernig þeir versla. Það er engan veginn eðlileg staða fyrir bændur sem vilja stunda nýsköpun og prófa eitthvað nýtt að eiga yfir höfði sér að vera kærðir til lögreglunnar.“

Ríkisjörðin Hjarðarból

Erfiðleikar hafa komið upp við ábúendaskipti á ríkisjörðinni Hjarðarbóli. Til staðar eru nýir áhugasamir ábúendur en Ríkiseignir fá ekki samþykki sýslumanns fyrir ábúendaskiptum og að marka lóð um íbúðarhús svo veðheimildir fáiast. Ríkið á í erfiðleikum með að sanna eignarhald sitt á jörðinni og því situr allt fast í kerfinu. Sveitarstjórn hefur áhyggjur af því að þegar ungt fólk vill flytja í dalinn séu svona mál að tefja fyrir kynslóðaskiptum á bújörðum.

Sveitarstjórn hvetur Ríkiseignir að flýta málinu sem mest svo ábúðarskipti geti farið fram á Hjarðarbóli.

Fögur framtíð í Fljótsdal

Verkefnið Fögur framtíð í Fljótsdal var sett formlega af stað fyrir ári síðan með ráðningu verkefnastjóra, Ásdísar Helgu Bjarnadóttur, og samning þar um við Austurbrú. Þetta verkefni er byggt á hugmyndafræði Brothættra byggða hjá Byggðastofnun. Byggðastofnun hefur veitt faglegan stuðning við verkefnið. Þess má geta að í tengslum við verkefnið er nú unnið að því að finna heppilegan stað fyrir byggðakjarna í dalnum.

7. Önnur mál

Sveitarfélaginu hefur borist ágóðahlutagreiðsla fyrir árið 2020 frá EBÍ. Hlutdeild sveitarfélagsins í Sameignarsjóði EBÍ er 0,041% og greiðsla ársins er 28,700 kr.

Undirritaðir voru samningar við oddvita og varaoddvita um afleysingu sveitarstjóra.

Fundi slitið 17:55

Lárus ritaði fundargerð í tölvu

Jóhann F. Þórhallsson

Anna Jóna Ármannsdóttir

Eiríkur Kjerúlf

Gunnþórunn Ingólfisdóttir

Lárus Heiðarsson